

Blessuð sértu sveitin mín



Kæru hátíðargestir

Velkomnir á afmælistónleika Lúðrasveitar Stykkishólms!

Það er ekki á hverjum degi sem íslensk lúðrasveit fagnar 70 ára afmæli sínu, hvað þá í litlum bæ eins og okkar. Lúðrasveit Stykkishólms er einmitt á þessum tímamótum, orðin svona gömul en hefur þó sjaldan verið yngri eða sprækari. Kjarninn í sveitinni er hressir krakkar frá 8 ára og upp í framhaldsskólaaldurinn. Meðal félaga sveitarinnar eru nokkrir fullorðnir líka og sanna þar með að í lúðrasveit er ekkert kynslóðabil. Allir spila saman, eru jafn mikilvægir og njóta þess að skapa í sameiningu fallega tónlist.

Þessir tónleikar eru afrakstur mikillar vinnu og langs undirbúnings. Hér koma fram allar deildir lúðrasveitarinnar og sýna sínar bestu hliðar. Litla Lúðró, Stóra Lúðró og Víkingasveitin leika undir stjórn Martins Markvöll og trommusveitina leiðir Hafþór S. Guðmundsson. Auk þeirra tveggja hafa flestir kennarar skólans komið að undirbúningi og kennslu þeirra sem eru í sveitunum. Efnisskráin er fjölbreytt og vönduð blanda af gömlum og nýjum lögum.

Megið þið vel njóta.

Jóhanna Guðmundsdóttir
Skólastjóri Tónlistarskóla Stykkishólms

Lúðrasveit Stykkishólms

Stofnuð 1944

Stjórnandi: Martin Markvöll
Kynnir: Daði Þór Einarsson
Kennarar: Anette Markvöll, tréblásturshljóðfæri
Hafþór Guðmundsson, slagverk
Hólmgeir Þórsteinsson, píanó og bassi
Hólmfríður Friðjónsdóttir, gítar
Lárus Pétursson, gítar
Lázló Petö, píanó
Martin Markvöll, málmblásturshljóðfæri



Lúðrasveit Stykkishólms er fósturuð hjá Tónlistarskóla Stykkishólms sem er ein af stofnunum Stykkishólmsbæjar.

Tónlistarskóli  Stykkishólms

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

70 ára afmælistónleikar í Stykkishólmskirkju

Sumardagurinn fyrsti 24. apríl 2014

Litla Lúðró

Kóngurinn kemur

Hans Andreas Kjølberg
Útsetning: Martin Markvoll

Stykkishólmur

Þjóðlag, texti: Hafsteinn Sigurðsson
Útsetning: Martin Markvoll

Rock

Elisabeth Vannebo
Útsetning: Martin Markvoll

Spánn

Þjóðlag
Útsetning: Martin Markvoll

Stígvélalagið

Elisabeth Vannebo
Útsetning: Martin Markvoll

Nem Kuela

Povl Kjøller
Útsetning: Martin Markvoll

Víkingasveitin

Chorale from Jupiter

Gustav Holst
Útsetning: Paul Murtha

Top Gun Anthem

Harold Faltermeyer
Útsetning: Martin Markvoll
Einleikari á rafmagnsgítar:
Jón Glúmur Hólmgeirsson

16:44

Martin Markvoll
Einleikari á trompet:
Birkir Freyr Mattíasson

HLÉ

Trommusveitin

Í takt við tímann

Útsetning: Trommusveitin

Stóra Lúðró

Öxar við ána

Helgi Helgason
Útsetning: Malcolm Holloway

Blessuð sértu sveitin mín

Þjarni Þorsteinsson,
Úr Sálmasöngbók 1991

Hey Jude

Lennon & McCartney
Útsetning: Michael Sweeney

Pachelbels Canon

Johann Pachelbel
Útsetning: Paul Lavender

Madiba Jive

Vuysile Mini
Útsetning: Field Band Foundation
Martin Markvoll

Afmælissöngurinn

Hill & Hill
Útsetning: Martin Markvoll

Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag
Útsetning: Martin Markvoll

Litla Lúðró Stóra Lúðró Víkingasveitin Trommusveitin



Lúðrasveit Stykkishólms starfar með deildaskiptu fyrirkomulagi.

„Litla Lúðró“ er byrjendasveit fyrir þá nemendur tónlistarskólans sem skemmst eru á veg komnir.

„Stóra Lúðró“, hin eiginlega Lúðrasveit Stykkishólms, í henni eru þeir nemendur tónlistarskólans sem hafa náð nægilegri leikni til að spila við flestar aðstæður. Stóra Lúðró er opin öllum þeim sem vilja og geta spilað á lúðrasveitarhljóðfæri í Stykkishólmi. Í Stóru Lúðró eru ekki eingöngu hefðbundin lúðrasveitarhljóðfæri, heldur einnig, píanó, rafmagnsgítar og bassi.

„Víkingasveitin“, sem er kennd við Víking Jóhannsson, tók til starfa árið 2007. Í henni eru lengst komnu nemendur tónlistarskólans. Meðlimir Víkingasveitarinnar hafa að auki margir hverjir æft og spilað með Stórsveit Snæfellsness í tengslum við skólavist sína í FSN.

„Trommusveitin“ var stofnuð 2007 sem Trommusveit Snæfellsness í samstarfi við Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Samstarfinu lauk 2009 og hefur hún starfað við Tónlistarskóla Stykkishólms síðan.

Afmælisrit og afmælisvefur

Fjöldinn allur af lúðrasveitarfélögum og öðrum hefur lagt hönd á plóg við útgáfu afmælisritsins. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir óeigingjarna vinnu í þágu sveitarinnar. Ægir Jóhannsson fær sérstakar þakkir fyrir grúsk í gömlum gögnum og samantekt á sögulegum fróðleik um sveitina og tónlistarskólann sem var ómissandi við þetta verkefni.

Ógrynni efnis barst ritnefnd og dúkkaði upp óvænt. Var því fljótlega brugðið á það ráð að samhliða prentaða ritinu yrði gerður afmælisvefur og er urmull efnis þar, fágætar upptökur, myndbönd og margt, margt fleira. Slóðin er: www.stykkisholmur.is/ludro

Ritnefnd skipuðu: Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir, Ægir Jóhannsson, Sigbór Hallfreðsson, Martin Markvoll, Anna Melsteð og Jóhanna Guðmundsdóttir. Ljósmyndir: Hinrik Finnsson, Bjarni Lárentínusson, Víkingur Jóhannsson, Þorsteinn Eyþórsson, Anna Melsteð, Sigurður R. Bjarnason, Hörður Karlsson og fleiri.

Stjórn foreldrafélagsins:

Aðalheiður Sigurðardóttir, Helga Guðmundsdóttir, Helga B. Marteinsdóttir, María Valdimarsdóttir og Þröstur Gunnlaugsson

Útgefandi: Tónlistarskóli Stykkishólms 2014 Upplag 300 stk. Verð í lausasölu kr. 1.000

Ábyrgðarmaður: Jóhanna Guðmundsdóttir

Upsetning: Anok margmiðlun ehf Stykkishólmi. Ísafoldarprentsmiðja ehf, umhverfisvottuð prentsmiðja



Martin Markvoll

Hljómsveitarstjóri

Lúðrasveitarstjórinn og Norðmaðurinn Martin Markvoll (f. 1977) stundaði tónlistarnám í Tónlistarháskólanum í Tromsø og lauk þaðan prófi í trompetleik og tónlistarkennslu árið 2003. Þar var hann nemandi Arne Björhei sem kennt hafði hér í Stykkishólmi um nokkurra ára skeið. Martin hefur sótt sér tónlistar- og tónlistarkennaramenntun víða um Norðulöndin Noreg, Svíþjóð og Danmörk og hefur unnið við tónlistarkennslu í Noregi og Suður-Afríku auk starfa sinna hér í Stykkishólmi. Hann tók þátt í fjölmörgum samspilshópum og hljómsveitum á námsárum sínum. 2009-2011 starfaði hann sem skólastjóri við Kulturskolen for ALLe í heimabænum Sandnessjøen, Noregi.



Martin kom fyrst til starfa við Tónlistarskóla Stykkishólms haustið 2003 til afleysinga í eitt ár. Þegar staða málmblasturskennara og lúðrasveitarstjóra losnaði árið 2005 kom Martin til starfa á ný og settist hér að. Hann kennir nú á málmblasturshljóðfæri og rafgítar.

Auk starfa sinna sem kennari og lúðrasveitarstjóri hefur hann getið sér gott orð sem útsetjari og njóta lúðrasveitirnar hans góðs af því þegar hann grípur gömul eða ný lög og setur í snilldar búning. Nokkrar af útsetningum hans hafa Samtök íslenskra skólalúðrasveita (SÍSL) keypt og gefið út. Hann tekur einnig virkan þátt í félagstörfum á vegum SÍSL.



Stjórnendur frá upphafi

Víkingur Jóhannsson 1944 – 1977
Arne Björhei (frá Noregi) 1977 – 1980
Daði Þór Einarsson 1981 – 1998
Birkir Freyr Mattiasson 1998 – 1999
Daði Þór Einarsson 1999 – 2000
Pawel Dziewonski (frá Póllandi) 2000 – 2002
Guri Hilstad Ólason (frá Noregi) 2002 – 2003
Martin Markvoll (frá Noregi) 2003 – 2004
Guri Hilstad Ólason 2004 – 2005
Martin Markvoll 2005 – 2009
Hjálmar Sigurbjörnsson 2009 – 2011
Martin Markvoll 2011 –

Lúðrasveit Stykkishólms 2014

Litla Lúðró

Helena María Ægisdóttir	flauta
Jóhanna María Ægisdóttir	flauta
Alexía Ómarsdóttir	altsaxófónn
Gestur Alexander Baldursson	trompet
Hallfreður Lárus Helgason	trompet
Oliwia Aleksandra Lukasik	kornett
Sara Jónína Jónsdóttir	kornett
Silja Rós Ingadóttir	kornett
Amelía Dís Einarsdóttir	píanó
Þorvaldur Máni Ómarsson	hljómborð
Magnús Máni Egilsson	gítar
Símon Andri Sævarsson	gítar
Ingimar Þrastarson	bassi
Gunnar Jökull Sigurðarson	slagverk
Jónas Már Kjartansson	slagverk
Sævar Þór Sigurbjörnsson	slagverk
Vaka Þorsteinsdóttir	klukkuspil og sílófónn

Víkingasveit

Björg Brimrún Sigurðardóttir	þverflauta
Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir	altflauta
Theodóra Björk Ægisdóttir	þverflauta
Guðrún Bergmann Agnarsdóttir	klarínnett
Thelma Ólafsdóttir	klarínnett
Anette Markvoll	tréblásturshljóðfæri, kennari
Ísól Lilja Róbertsdóttir	altsaxófónn
Anna Soffía Lárusdóttir	tenorsaxófónn
Halldóra Kristín Lárusdóttir	trompet
Haukur Páll Kristinsson	trompet
Rebekka Rán Karlsdóttir	kornett
Elín Sóley Reynisdóttir	horn
Hrefna Rós Lárusdóttir	básúna
Hafsteinn Helgi Davíðsson	túba
Þórhildur Hólmgeirsdóttir	hljómborð og píanó
Jón Glúmur Hólmgeirsson	gítar
Hólmgeir S. Þórsteinsson	bassi, kennari
Jón Grétar Benjamínsson	slagverk
Hafþór S. Guðmundsson	slagverk, kennari

Stóra Lúðró

Björg Brimrún Sigurðardóttir	þverflauta
Eydís Bára Ómarsdóttir	þverflauta
Gyða Steinsdóttir	þverflauta
Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir	altflauta
Theodóra Björk Ægisdóttir	þverflauta
Guðrún Bergmann Agnarsdóttir	klarínnett
Margrét Lilja Einarsdóttir	klarínnett
Sigrún Birta Sturludóttir	klarínnett
Thelma Ólafsdóttir	klarínnett
Anette Markvoll	klarínnett, kennari
Ísól Lilja Róbertsdóttir	altsaxófónn
Sigurður Guðmundsson	altsaxófónn
Anna Soffía Lárusdóttir	tenorsaxófónn
Dagný Inga Magnúsdóttir	kornett
Halldóra Kristín Lárusdóttir	trompet
Haukur Páll Kristinsson	trompet
Rebekka Rán Karlsdóttir	kornett
Valdimar Hannes Lárusson	trompet
Sara Rós Hulda Róbertsdóttir	franskt horn
Rúna Birna Jóhannesdóttir	básúna
Salvör Mist Sigurðardóttir	básúna
Ingimar Þrastarson	barítónhorn
Anna S. Melsteð	túba
Vaka Þorsteinsdóttir	hljómborð og píanó
Þórhildur Hólmgeirsdóttir	hljómborð og píanó
Ísak Örn Baldursson	gítar
Jón Glúmur Hólmgeirsson	gítar
Hafsteinn Helgi Davíðsson	bassi
Einar Bergmann Daðason	slagverk
Haraldur Björgvin Helgason	slagverk
Jóel Bjarki Sigurðarson	slagverk
Jón Grétar Benjamínsson	slagverk
Oliver Darri Þrastarson	slagverk
Hafþór Smári Guðmundsson	slagverk, kennari
Birta Sigþórsdóttir	klukkuspil og sílófónn

Kveðja frá Stykkishólmsbæ

Lúðrasveitaruppeldi

Fyrir nokkrum árum, sumir myndu væntanlega segja: mörgum árum, fór ég á mína fyrstu lúðrasveitaræfingu. Æfingin var í hljómskálanum við Silfurgötuna. Í einhver ár hafði ég lært á trompet, fyrst hjá Víkingi Jóhannssyni og svo hjá Norðmanninum Arne Björhei. Tímarnir hjá Víkingi voru hóptímar og voru þeir í Hljómskálanum en Arne var með einstaklingstíma í Norska húsinu.

Ég var stoltur, en feiminn, þegar ég labbaði upp tröppurnar á Hljómskálanum með pabba mínum sem var í mörg ár í lúðrasveitinni. Arne hafði sagt mér í tímanum á undan að hann vildi fá mig í lúðrasveitina. Ja hérna kannski fengi ég að fara í appelsínugula lúðrasveitarjakkann og flottu húfuna. Það sem er eftirminnilegt frá þessum tímum í Hljómskálanum er, fyrir utan sérstaka lykt sem kannski var lykt af bókum sem fluttu með húsinu niður bókhöðuna, var að horfa á lappirnar á lúðrasveitarmeðlimum. Tærnar lyftust og smullu í gólfid í takt við tónlistina. Fyrstu æfingarnar var lítið fyrir mig að gera nema fylgjast með tám hljóðfæraleikaranna fara upp og svo aftur niður þar sem ekki gat ég spilað mikið með sveitinni. Hægt og rólega jókst færnin og þar hjálpaði að hafa félaga sem spiluðu einnig á trompet og gáfu góð ráð þegar færi gáfust. Tærnar mínar fóru að færast upp og niður með hinum tánum í húsinu og ég fór að verða brúklegur einstaklingur í hóp sem þurfti að vera samstíga og spila saman svo tónlistin yrði áheyrileg.

Það er nefnilega ekki bara að spila á hljóðfæri sem gerir það eftirsóknarvert að vera í lúðrasveit eða að börnin manns séu í lúðrasveit. Í lúðrasveit lærum við að aðstoða hvort annað og erum hluti heildar.

Hátindur minn í lúðrasveitinni var þegar ég fyrir nokkrum árum spilaði í sveitinni með pabba og þremur börnum mínum. Tónlistin sameinar á margan máta og virðir hvorki landamæri né aldur.

Þó árin líði og ýmislegt breytist er tónlist og tónlistarflutningur tímalaus og alltaf jafn gefandi og þroskandi.

Lúðrasveit Stykkishólms stendur nú á tímamótum, hún er 70 ára. Þessum tímamótum ber að fagna og í því sambandi hugsa ég með þakklæti í huga til þeirra sem stofnuðu sveitina og ruddu henni braut. Keyptu fyrstu hljóðfærin, færðu bókhöðuna niður höfðann og skópu Hljómskálann, söfnuðu fyrir búningunum og svona mætti lengi telja.

Ég vil þakka öllum þeim sem koma að undirbúningi afmælishátíðarinnar og eru tilbúnir að leggja tíma og metnað í afmælishátíðina, njótum hennar saman.

Lárus Ástmar Hannesson
Bæjarstjóri Stykkishólms

Kveðja frá SÍSL

Ég óska Lúðrasveit Stykkishólms innilega til hamingju með 70 árin. Þetta er langur tími í sögu lúðrasveita á Íslandi sérstaklega þar sem saga okkar í tónlist er svo stutt. Lýðveldisárið hefur líka verið gott ár til að stofna lúðrasveit og hefja blástur í gleði. Það að eiga lúðrasveit í bæjarfélagi er ákveðið stöðutákn. Þá er hægt að kalla til blásara til að spila við hin ýmsu hátíðlegu tækifæri og lyfta hátíðarhöldum á hærra plan. Lúðrasveitir hafa líka þann einstaka hæfileika að geta spilað við nánast allar aðstæður.



Það er ávallt gleðilegt að sjá þegar haldið er upp á farsælt starf. Ég á margar góðar minningar frá landsmótum í Stykkishólmi og var mjög ung þegar ég fór á mitt fyrsta landsmót með Lúðrasveitinni Svan 1979 í Stykkishólmi. Í gegnum árin hefur Stykkishólmur alltaf átt góða starfhæfa lúðrasveit og sýnir það styrk tónlistarskólans og kennaranna að halda úti slíku starfi þrátt fyrir þrengingar í þjóðfélagi eða fámenni.

Ég óska Lúðrasveit Stykkishólms alls hins besta á komandi árum

Vilborg Jónsdóttir formaður SÍSL

Kveðja frá foreldrafélagi Lúðrasveitar Stykkishólms

Það er mikill menningarlegur ágóði fyrir Stykkishólm að hafa lúðrasveit, auk þess sem það gefur tónlistarkennslu og tónlistarskólanum aukið vægi. Það er ekki lítils virði fyrir þá sem eru að læra á hljóðfæri að hafa tækifæri til að spila með öðrum, auk þeirra gæða sem geta falist í því félagslífi sem fylgir starfi í lúðrasveit. Það hefur líka verið skemmtilegt og gefandi að starfa í stjórn foreldrafélagsins og kynnast þannig lúðrasveitarstarfinu á annan hátt. Stjórnin hefur m.a. haldið utan um fjáraflanir sem gerðar eru til að fjármagna búningakaup og ferðalög. Nú í vetur á Lúðrasveit Stykkishólms 70 ára afmæli. Ásamt því að skipuleggja afmæli þá var ákveðið að við tækjum að okkur að halda landsmót B-sveita lúðrasveita hér í Stykkishólmi helgina 4.-6. apríl 2014. Rúmlega 240 gestir sóttu mótið. Stjórnin fundaði ásamt Martin, stjórnanda reglulega í vetur og sá um skipulagningu í samráði við SÍSL.

Við höfum minnst afmælis Lúðrasveitar Stykkishólms á fleiri en einn hátt. Í nóvember s.l. var haldið af stað í rútu í afmælisferðalag til Reykjavíkur í boði foreldrafélagsins. Lúðrasveitin naut gestrisni Tónlistarskóla Seltjarnarness, en þar var öll aðstaða og gisting. Ferðin var hin ánægjulegasta í alla staði og gerðum við ýmislegt okkur til skemmtunar. Farið var í sund, keilu, bíó, skautahöllina og fleira. Lúðrasveitin hélt einnig tónleika á Eiðistorgi með Lúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Í boði Tónlistarskóla Stykkishólms, í tilefni afmælisins, hélt Stóra Lúðró síðan aftur með rútu á Nótuna í Borgarnesi. Stóra Lúðró hlaut þar sérstaka viðurkenningu fyrir flutning sinn á þjóðlaginu Krummi svaf í klettagjá.

Sumardagurinn fyrsti er afmælisdagur lúðrasveitarinnar og heldur hún af því tilefni afmælistónleika í Stykkishólmskirkju. Eftir tónleikana verður veisla þar sem lúðrasveitin ásamt fyrrverandi stjórnendum halda upp á afmælið saman.

Foreldrafélag Lúðrasveitar Stykkishólms sendir, núverandi og fyrrverandi meðlimum ásamt stjórnendum, hamingjuóskir í tilefni árána 70 sem hún hefur starfað.

F.h. Foreldrafélagsins Aðalheiður St. Sigurðardóttir



GLEÐILEGT SUMAR

Starfsfólk Arion banka óskar
Lúðrasveit Stykkishólms til
hamingju með 70 ára afmælið.

 Arion banki

Lúðrasveit Stykkishólms

1944 - 2014

Lúðrasveit Stykkishólms stofnuð.
Stjórnandi: Víkingur Jóhannsson.

LS tekur Hljómskálann í notkun.

Tónlistarskóli stofnaður
í Stykkishólmi.

LS tekur þátt í stofnun Sam-
bands Íslenskra Lúðrasveita.

Lúðrasveitin hljóðrituð í tilefni
af 25 ára afmæli hennar.

Skólalúðrasveitin
spilar opinberlega
í fyrsta sinn.

Appelsínugulu búning-
arnir teknir í notkun.

Stykkishólmsbær tekur við
rekstri tónlistarskólans.

Landsmót SÍL í Stykkishólmi.

Stjórnandi: Arne Bjørhei frá Noregi.

Stjórnandi: Daði Þór Einarsson.

Ferð til Norðurlanda.

Ferð á alþjóðlegt
lúðrasveitamót í
Rostock í A-Pýskalandi.

Stjórnandi: Pa

Stjórnanc





Stóra Lúðró fær sérstaka viðurkenningu á Nótunni í Borgarnesi.

Landsmót SÍSL í Stykkishólmi.

2014

Trommusveitin slær í gegn á Nótunni í Hörpu.

2012



Göteborgs Music Festival.

2010



Stjórnandi: Hjálmar Sigurbjörnsson.

2009-2011



Vikingasveitin stofnuð.

2007

Trommusveitin stofnuð.



Heimsókn til Noregs.

1980

1981

1986

1988

landi.

1991

Landsmót SÍSL í Stykkishólmi.

1994

Landsmót SÍSL í Stykkishólmi.

1998

di: Pawel Dziewonsk.

2000-2002

rnandi: Birkir Freyr Matthíasson.

2002-2003 & 2004-2005

2004

2003-2004 & 2005

Stjórnandi: Martin Markvoll.

Stofnað foreldrafélag og búningasjóður.

2005

FSN tekur til starfa og lengir það veru margra í LS.

Stjórnandi: Guri Hilstad Ólason.



Lúðrasveit Stykkshólms 1944-2014

Þeir voru ekki gamlir piltarnir sem fyrir 70 árum ákváðu að stofna lúðrasveit hér í Stykkishólmi. Flestir voru þeir á aldrinum 14 – 30 ára. Nýlega höfðu flutt í bæinn tveir Eskfirðingar, Árni Helgason og Víkingur Jóhannsson, sem höfðu spilað í lúðrasveit þar í bæ og voru mjög áhugasamir um stofnun slíkrar hér. Eins lifðu meðal bæjarbúa minningar um hornaflokk sem starfað hafði í Stykkishólmi í kringum aldamótinn 1900 og aftur á öðrum og þriðja áratug aldarinnar og þótti setja mikinn menningarbrag á bæinn.

Draumurinn varð að veruleika. Ungu mennirnir fundu í bænum nokkrar gamlar trommur og gamla lúðra sem voru lagaðir og pússaðir, nokkur hljóðfæri keyptu þeir, svo var farið að spila og fyrr en varði hljómaði fyrsta lagið Blessuð sértu sveitin mín. Það var svo á skemmtun kvenfélagsins 1. desember 1944 sem lúðrasveitin tróð upp í fyrsta sinn með 7 laga efnisskrá sem þótti takast vel.

Um þetta allt er hægt að lesa í vönduðum fundargerðabókum sem sveitin hélt alveg frá fyrsta fundi og fróðlegri samantekt úr þeim sem Ægir Jóhannsson hefur tekið saman og er birt á heimasíðu lúðrasveitarinnar. Þar má sjá að það kom í hlut Víkings Jóhannssonar að stjórna lúðrasveitinni og kenna á öll hljóðfærin. Kenndi hann heima hjá sér eftir vinnu og hljómsveitaræfingarnar

voru ýmist á kaffistofum frystihúsanna Kaupfélagsins eða Sigurðar Ágústssonar. Það kom sér líka vel að lúðrasveitin átti góða vini í Lúðrasveitum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Lúðrasveitinni Svan, sem tóku þátt í uppbyggingunni með því að útvega nótur og heimsækja sveitina reglulega til að kenna og æfa.

Lúðrasveitin lék á hátíðum og tyllidögum fyrir bæjarbúa og ferðaðist líka um nágrennasveitirnar til að skemmta fólki þar. Sveitin tók þátt í stofnun Sambands íslenskra lúðrasveita (SÍL) 1954 og mætti að sjálfsögðu á lúðrasveitalandsmótið vitt og breitt um landið. Lúðrasveitarfélagarnir tóku sig til og byggðu sér hús, Hljómskálann, og 20 árum frá stofnun stóðu þeir fyrir því að hér var stofnaður tónlistarskóli, enda menn þá farnir að sjá fram á að það þyrfti að hugsa fyrir endurnýjun hljóðfæraleikara. Var Víkingur ráðinn fyrsti skólustjórinn og fyrstu árin eini kennarinn líka.

Á heimasíðu tónlistarskólans er hægt að lesa ýmislegt fróðlegt um skólann og lúðrasveitina og þangað inn berst stöðugt efni og myndir. M.a. er þar grein eftir Ingibjörgu Þorsteinsdóttur fyrrum skólustjóra um sögu tónlistarskólans. Þar er t.d. sagt frá því hvernig kennsluaðstaðan var framanaf og þegar kennt var á allt að 4-5 stöðum um bæinn áður en skólinn fékk fastan samastað. Á heimasíðunni er líka listi yfir kennara

skólans frá upphafi og sést þar hvernig einn og einn kennari bætist við, kemur og fer og hverjir eru lúðrasveitarstjórar hvaða ár. Kennarahópurinn telur nú orðið rúmlega 40 manns og lista yfir þá er að finna t.d. á heimasíðunni líka.



Fljótlega eftir stofnun skólans segja heimildir frá því þegar „lúðrasveit drengja“ treður upp í fyrsta sinn og leikur ásamt aðal lúðrasveitinni. Í dag er hægt að skemmta sér við að heyra þessa fyrstu nemendur tónlistarskólans (sem nú eru orðnir „miðaldra menn“) segja frá þegar Víkingur var að finna út hvaða hljóðfæri hentuðu hverjum og einum. Gerði hann það með því að máta hin ýmsu munnstykki lúðranna við varir krakkanna. Eins getur maður velt fyrir sér hvað það tók stúlkur mörg ár að komast í lúðrasveitina – það virðast eingöngu drengir og karlar hafa spilað fyrstu áratuginna. Eftir því sem best verður séð þá er það fyrst á landsmóti 1971 sem finna má eina stúlku á mynd af lúðrasveitinni, en það er Guðlaug Karlsdóttir sem lék með

sveitinni fyrst kvenna. Árið 1977 þegar Arne Björhei tók við sveitinni og starfi skólastjóra tónlistarskólans innrituðust m.a. í skólann tvær stúlkur á þverflautu, frænkurnar Ásdís Herrý Ásmundsdóttir og Ólöf Björg Guðmundsdóttir. Fyrr en varði voru þær komnar í lúðrasveitina og upp úr því fór stúlkum þar að fjölga.

Þegar lúðrasveitin var 25 ára árið 1969 gerði hún sér ferð til Reykjavíkur og voru hljóðrituð nokkur lög með henni hjá Ríkisútvarpinu og hefur sú upptaka varðveist. Vonir standa til að okkur takist að fá eintak og setja a.m.k. hluta hennar inn á heimasíðu lúðrasveitarinnar.

Allar alvöru lúðrasveitir eiga búninga sem þær spila í. Lúðrasveitin okkar hefur átt nokkra búninga í gegnum árin. Frægastur þeirra er „appelsínuguli búningurinn“, sem tekinn var í notkun árið 1971. Hann var teiknaður af frægum búningahönnuði, Colin Porter. Þótti hann þá – og þykir mörgum enn – fegursti lúðrasveitarbúningur landsins! Hann var notaður í mörg ár en var látinn víkja að lokum fyrir einfaldari og ódýrari búningum. Þó er hann dreginn fram við sérstök tækifæri og vekur þá alltaf eftirtekt og aðdáun. Má til dæmis nefna það þegar trommusveitin fór í búningnum á Nótuna og fór í honum „alla leið“ í Hörpu og þaðan í sjónvarpið.

Stjórnendur lúðrasveitarinnar hafa verið 8 á þessum 70 árum. Það vita þeir

sem vita hvað bangsinn góði heitir, lukkudýrið sem lúðrasveitin fékk að gjöf frá Lúðrasveit Akureyrar eftir landsmót SÍL sem var haldið hér í Hólminum árið 1979. En bangsinn heitir í höfuðið á þeim öllum: Víkingur Arne Daði Pavel Birkir Guri (Martin Guri Martin) Hjálmar Martin, en er kallaður Víkingur. Fjórir Íslendingar, þrír Norðmenn og einn Pólvörji. Þeir störfuðu mislengi, en allir mörkuðu þeir spor í störf sveitarinnar, áhugasamir og vandaðir tónlistarmenn. Aðeins ein kona hefur haldið um tónsprotann, Guri Hilstad Ólason. Nánar um nöfn og ártöl er hægt að lesa á „tímalínunni“ annars staðar hér í ritinu.



Þeir stjórnendur sem lengstan starfsaldur eiga hjá sveitinni eru Víkingur Jóhannsson sem var stjórnandi fyrstu 33 árin, Daði Þór Einarsson sem stjórnaði í 18 ár og svo núverandi stjórnandi Martin Markvoll sem er búinn að vera

hér með stuttum hléum frá árinu 2003. Þó Arne hafi ekki stoppað hér í mörg ár þá má segja að hann hafi haft mikil áhrif á lúðrasveitina og tónlistarskólann til margra ára, en hann hefur lagt okkur lið við að finna kennara þegar okkur hefur legið mikið við, sendi t.d. Martin til okkar á sínum tíma. Ekki má gleyma að nefna Hafstein Sigurðsson sem var ein af grunnstöðum lúðrasveitarinnar, þó ekki tæki hann að sér starf stjórnanda nema í forföllum, fyrst með því að spila með frá því hann gat haldið á hljóðfæri og svo með því að sjá um kennslu á öll tréblásturshljóðfærin frá árinu 1976 til 2010, fyrir utan 3ja ára námsdvöl í Noregi 1980-1983 og eins árs námsleyfi veturinn 2003-2004. Hann var því náinn samstarfsmaður allra þeirra stjórnenda sem starfað hafa með sveitinni.

Margt fleira væri gaman að rifja upp úr sögu Lúðrasveitar Stykkishólms, svo sem að segja frá mörgum skemmtilegum ferðum bæði innanlands og utan, skemmtilegu fólki sem hefur starfað með og kennt sveitinni og skemmtilegu fólki sem orðið hefur á vegi sveitarinnar. Það kemur í hlut annarra. Nú er tími til að fagna 70 ára starfi og þeim menningarsvip sem sveitinn hefur sett á bæinn sinn, þeirri fyrirmynd sem hún er og þeim djúpu sporum sem hún hefur markað. Megi hún eiga langa framtíð. - Blessuð sértu „lúðrasveitin“ mín!

Jóhanna Guðmundsdóttir

Amelía Dís Einarsdóttir – Litla Lúðró

Hvar áttu heima og í hvaða bekk ertu?

Ég á heima í Stykkishólmi og er í fjórða bekk.

Hvenær byrjaðir þú í Lúðrasveit Stykkishólms?

Þetta er fyrsta árið mitt.

Á hvaða hljóðfæri spilar þú og hver er kennarinn þinn í tónó?

Ég spila á píanó. László er kennarinn minn.

Hvernig lög spilið þið í lúðrasveitinni?

Skemmtileg lög.

Hvað finnst þér skemmtilegast við lúðrasveitina?

Þegar við spilum.


Hefurðu farið í ferðalög eða æfingabúðir með lúðrasveitinni? Hvert? Var gaman?

Uuu, já – ég var það seinustu helgi.

Hvaða áhrif hefur það haft á líf þitt að vera í Lúðrasveit Stykkishólms?

Góð áhrif.

Vaka Þorsteinsdóttir



Haukur Páll Kristinsson – Stóra Lúðró

Hvar áttu heima og í hvaða bekk ertu?

Ég bý í Stykkishólmi og er í níunda bekk.

Hvenær byrjaðir þú í Lúðrasveit Stykkishólms?

Ég byrjaði í lúðró 8 ára og er ennþá.

Á hvaða hljóðfæri spilar þú og hver er kennarinn þinn í tónó?

Ég spila á trompet. Martin Markvoll hefur kennt mér frá byrjun en síðan var Hjálmar í 2 vetur.

Spilar þú á hljóðfæri í dag?

Já, trompet og glamra stundum á gítar heima.

Hvernig lög spilið þið í lúðrasveitinni?

Allskonar lög.

Hvað finnst þér skemmtilegast við lúðrasveitina?

Að spila.

Hefurðu farið í ferðalög með lúðrasveitinni? Hvert?

Við fórum einu sinni í tónleikaferðalag um Vesturland og fórum líka til Gautaborgar og kepptum á Nótunni í Borganesi.

Var gaman?

Já.

Hvaða áhrif hefur það haft á líf þitt að vera í Lúðrasveit Stykkishólms?

Mjög góð áhrif.



Hrefna Rós Lárusdóttir – Víkingasveitin

Hvenær byrjaðir þú að læra á hljóðfæri og hvaða hljóðfæri hefur þú lært á?

Ég æfði á trompet í fyrsta bekk, æfði síðan á píanó 2001-2006. Byrjaði að læra á básúnu árið 2004 og hætti núna um áramótin í Tónlistarskólanum í Stykkishólmi þar sem ég fór í skóla til Reykjavíkur. Er ennþá að spila. Ég spilaði á básúnu í lúðrasveitinni og Martin var mest að kenna mér. Í fjarveru Martins var Guri í einn vetur (að mig minnir) og Hjálmar í tvo vetur.

Hvað finnst þér skemmtilegast við lúðrasveitina?

Það sem mér finnst skemmtilegast við lúðrasveitina er að spila flott, skemmtileg og krefjandi lög, og að vera í góðra vina hópi.

Ég fór á lúðrasveitalandsmót í Reykjanesbæ og svo fórum við til Svíþjóðar árið 2010 og það var ekkert smá gaman! Í vetur fórum við líka í helgarferð til Reykjavíkur og það var líka mjög gaman!


Hvaða áhrif hefur það haft á líf þitt að vera í Lúðrasveit Stykkishólms?

Í gegnum lúðrasveitina hef ég kynnst mikið af skemmtilegu fólki, og lært að spila í hóp. Ég hef einnig lært mjög mikið

gagnlegt sem hefur hjálpað mér í öllum þeim samspilum sem ég hef tekið þátt í. Ég var í Lúðrasveit Æskunnar í vetur, en hún hefur lokið störfum. Lúðrasveit Æskunnar hélt tónleika í Hörpu og svo spiluðum við einnig á lokakeppni Nótunnar. Annars er ég ekki í neinni sveit en kem á æfingar þegar ég kem heim og ætla að spila með á afmælistónleikunum **Þú hefur sigrað Nótuna, hvaða áhrif hefur það haft á líf þitt?**

Ég sigraði í svæðiskeppni Nótunnar á Ísafirði í fyrra, 2013. Eftir það hefur verið haft samband við mig og ég beðin um að spila í allskonar hópum. Tók m.a. þátt í Brassbyltu í Hafnarfirði þar sem fremsti túbuleikari heims kom fram með okkur. Ég hef einnig spilað í Skálholti á tónleikum með mjög efnilegum krökkum, svo spilaði ég núna í vetur með brasshópi úr Ungfóniunni í óperu sem nemendur úr óperudeild söngskóla Sigurðar Demetz settu saman í Iðnó. Að lokum spilaði ég með Ungfóniunni í vetur og það var mjög skemmtilegt og krefjandi verkefni!

Anna Soffía Lárusdóttir



Kvenfélagið Hringurinn
Stykkishólmi



Jón Torfi Arason



Hvar býrð þú og við hvað starfar þú?

Ég bý í Stykkishólmi. Á veturna er ég sjómaður á bát héðan úr Hólminum, en á sumrin fer ég á handfæri á mínum eigin bát.

Varstu í lúðrasveitinni?

Mig minnir að ég hafi byrjað á kornett í Lúðró þegar ég var 7 ára, það hefur þá verið ca. árið 1989-90. Á þessum tíma stjórnaði Daði Þór Einarsson sveitinni, en hann kenndi mér síðan á trompet. Ég var í lúðró þangað til ég fór suður í menntaskóla árið 1998. Síðan kom ég aftur í sveitina árið 2005 og spilaði með í um tvö ár, en þá var Martin Markvoll tekinn við prikinu.

Fyrstu lögin sem koma upp í hugann þegar ég hugsa um lúðró eru marsarnir. T.d. Sousa marsarnir sem alltaf voru dregnir fram þegar fara átti í skrudgöngu. Síðan man ég auðvitað eftir Nallanum, sem alltaf var leikinn 1. maí og norska þjóðsönginum sem spilaður

var við jólatréð í kvenfélagsgarðinum. Þetta er auðvitað fyrir utan öll jólalögin sem alltaf þurfti að byrja að æfa í september (allavega svona í minningunni). Og svo bara allt hitt.

Eftirminnilegt við árin í Lúðró?

Skemmtilegast eða eftirminnilegast við lúðró eru öll ferðalögin og æfingabúðirnar. Farnar voru æfinga- og tónleikaferðir í Mosó, Laugargerðisskóla og eitt skiptið fórum við til Kaupmannahafnar að spila í Tívoli. Svo var auðvitað alltaf gaman að spila á tónleikum, þó stundum kæmust nú fleiri að en vildu.

Það hafa allir gott af því að vera í lúðrasveit og þetta er eitthvað sem maður býr að alla ævi. Í lúðrasveit lærir maður hvernig samspil hljóðfæra virkar og svo auðvitað það sem er svo mikilvægt í allri tónlist, að hlusta. Svo er félagsskapurinn auðvitað frábær... allavega svona í efra brassinu.

Ertu í lúðrasveit í dag?

Því miður hef ég ekki tíma til að spila í lúðrasveit í dag, en það er nú samt þannig að maður hættir aldrei í lúðró. Allavega ekki í Lúðrasveit Stykkishólms. Í dag þegar ég dreg upp hljóðfæri spila ég oftast á gítar, en trompetið er aldrei langt undan. Ég á nokkuð safn af allskonar hljóðfærum sem ég spila minna á en finnst voða gott að hafa í kringum mig t.d. píanó, básúnu og kontrabassa.

Haukur Páll Kristinsson

Njáll Þórðarson

Hvar áttu heima og við hvað starfar þú?

Ég bý í Reykjavík, Seláshverfi í Árbænum og hef starfað hjá Símanum sl. 7 ár sem vörustjóri. En við fjölskyldan förum mjög mikið í nafla alheimsins, Stykkishólm.

Varstu í lúðrasveitinni?

Var í Lúðrasveit Stykkishólms að mig minnir frá 1986 til 1990, eða u.þ.b. fjögur ár. Daði Þór Einarsson, súper-snillingur var með sveitina þau ár sem ég fékk að vera með. Ég spilaði á túbu, sem er klárlega fallegasta sólóhljóðfæri sem hver einasta lúðrasveit getur státað af. Sem meira er, þá er ég svo stoltur af því að ég er skráður sem Túbuleikari á Já.is. Daði Þór kenndi mér á túbu, en svo lærði ég líka á píanó í Tónó, Sigrún Sýslumannsins (sem þá var) og Jóhanna Guðmunds kenndu mér á það hljóðfæri. Einnig var ég í tónfræði hjá Lalla Pé og Hadda heitnum Sig.

„Mr Tuba“ var uppáhaldslagið á þessum tíma, en svo voru auðvitað klassísk lúðrasveitaverk sem voru æfði og spiluð og svo fannst mér líka skemmtilegt að freta „Eye of the Tiger“ í túbuna.

Eftirminnilegt við árin í Lúðró?

Allt. Lúðrasveitarstarf hefur ótrúlega marga kosti, aga, læra listina að vinna í hóp og bera virðingu fyrir öðrum. Ferðalög innan- og utanlands og svo þegar allt kemur til alls, er ótrúlega sterkt tengslanet sem verður til með því að starfa í lúðrasveit, bæði starfstengt og persónulegt. Öll lúðrasveitaferðalög

Kristbjörg Hermannsdóttir



Hvar áttu heima og við hvað starfar þú?

Ég á heima í Stykkishólmi og ég er handavinnukennari.

Varstu í lúðrasveiti?

Já, ætli ég hafi ekki verið í 5-6 ár í Lúðró. Mig minnir að það hafi verið frá 1984-1990 eða þar um bil. Þá stjórnaði Daði Þór Einarsson lúðrasveitinni og kenndi mér á kornett. Við spiluðum blönduð lög í Lúðró. Það voru þekkt lúðrasveitarlög, marsar og svo líka léttari lög. Félagsskapurinn var það sem stendur upp úr í minningunni.

sem ég fór í voru eftirminnileg og hrikalega skemmtileg. Innanlands var farið á Höfn, Mosó og Eyjar sem dæmi, en erlendis stóð uppúr ferðin 1988 til Danmerkur og Rostock, sem þá var hluti af Austur-Þýskalandi. Voru forrættindi sem maður býr að alla ævi. Lifðum á Coke í dós og Mars sem keypt var í dollarabúðum, héldum til í borg, þar sem ferðamenn voru ekki daglegt brauð og fá að upplifa þessa mögnuðu borg áður en Berlínarmúrinn féll, sem gerðist bara rúmlega ári eftir að við vorum þar. Fyrir krakka, á mótunarárum, er það einfaldlega sannað, hvort sem það eru íþróttir eða tónlist, að þetta byggir upp sjálfstraust, maður lærir að bera virðingu fyrir öðrum og spila samhæfða músík,

þar sem maður þarf að treysta á framlag annara, svo útkoman verði heildstæð ofl. Þannig að hvort sem áhuginn liggur í íþróttum eða tónlist, er allt svona starf gríðarlega mikilvægt. Ætti samt að vera skylda að vera í lúðrasveit finnst mér.

Ertu í lúðrasveit í dag?

Nei, því miður. Stundum vildi ég óska þess að hafa afsökun til að grípa í túbuna. Ég spila aðalega á píanó í dag og hef gert það í ýmsum hljómsveitum frá árinu 1989. Er ennþá að spila með hljómsveitum og tónlistarmönnum, sem er mjög skemmtilegt og meira að segja launað áhugamál. Eitthvað annað en golf og veiði... FACE!

Anna Soffía Lárusdóttir



Það var rosalega gaman í ferðalögum og ég fór í mörg, bæði innanlands, á landsmót og svo fór ég í tvö ferðalög til útlanda. Fyrri ferðalagið var til Norðurlandanna þar sem við heimsóttum vinabæi en seinna ferðalagið var til Austur-Þýskalands. Lúðrasveitinni var boðið á tónlistarhátíð og var sú ferð ógleymanleg í alla staði.

Ertu í lúðrasveit í dag?

Nei ég er ekki í lúðrasveit í dag en ég spila á hljóðfæri og nýt tónlistar á hverjum degi.

*Dagný Inga Magnúsdóttir,
Salvör Mist Sigurðardóttir og
Jóel Bjarki Sigurðarson*

Kristjón Daðason

Hvar áttu heima og við hvað starfar þú?

Ég bý í Grafarholti, Reykjavík. Ég kenni og stjórna B-sveit Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar og stjórna einnig B-sveit Skólahljómsveitar Grafarvogs með Einari Jónssyni básúnuleikara.

Hvaða ár varstu í lúðrasveitinni og hversu lengi?

Ég var í Lúðrasveit Stykkishólms frá 7-14 ára aldri eða frá 1992-1999 þangað til við fjölskyldan fluttum út til Danmerkur. Pabbi, Daði Þór Einarsson, stjórnaði þá lúðrasveitinni og kenndi mér á trompet.

Spilar þú á hljóðfæri í dag?

Ég er menntaður trompetleikari og tónlistarkennari.

Hvernig lög spiluðu þið í lúðrasveitinni?

Þau lög sem eru eftirminnilegust eru „When I'm 64“ eftir The Beatles og Alladin syrpa þar sem ég fékk að leika mitt fyrsta sóló á tónleikum í laginu

„A Whole New World“.

Hvað fannst þér skemmtilegast við lúðrasveitina?

Mér fannst skemmtilegast að spila fyrst og fremst, en auðvitað ferðalögin í Mosfellsbæ og svo ferðalagið til Vík í Mýrdal var skemmtilegt.

Hvaða áhrif hefur það haft á líf þitt að vera í Lúðrasveit Stykkishólms?

Hjá Lúðrasveit Stykkishólms hófst ferill minn sem trompetleikari. Ég hef aldrei hætt að spila á hljóðfæri síðan ég byrjaði um 4 ára að spila á blokkflautu og síðan seinna meir á harmoniku bæði hjá Hafsteini Sigurðssyni. Ég var aldrei sterkur í grunnskóla í bókum og svoleiðis hlutum en þarna var ég algjörlega á heimavelli og þess vegna valdi ég þá leið að verða tónlistarmaður því tónlist gefur lífinu gildi!

Haukur Páll Kristinsson



Afmælskveðjur

Anka snyrtistofa

Anok margmiðlun
/Stykkishólms-Pósturinn

Atlantsólía

Bjössí málari

Bókhaldsstofan Stykkishólmi

Fasteignasala Snæfellsness

H. Toll

Heimagisting Ölmú

Heimahornið

Hótel Stykkishólmur

Hraunháls sumarhús

Höfðagata gisting

Íslenskur æðardúnn

Leir 7

Hótel Egilsen

Sigurþór Guðmundsson

lökk.rafverktaki

Útgerð Arnars

Þórsnes

Óskum Lúðrasveit Stykkishólms til hamingju með 70 ára afmælið. Hafið þökk fyrir óteljandi ánægjustundir, elju ykkar og gleði í tónlistinni fyrir bæjarbúa.

P.B.Borg

Símon Karl Sigurðarson

Hvar áttu heima og hvað gerir þú?

Ég á heima í Reykjavík og er í námi við menntaskólann við Hamrahlíð og í tónlistarskóla FÍH.

Hvaða ár varstu í Lúðrasveitinni og hversu lengi?

Ég var á tímabilinu 2005 til 2010. Martin stjórnaði henni þegar ég byrjaði og síðan tók Hjálmar við. Ég spilaði bara á klarínnett í Lúðrasveitinni og Haddi var kennarinn minn, svo var ég reyndar kominn aðeins í tíma til Guðna Franzsonar í Reykjavík líka, sem er kennarinn minn enn í dag, en Haddi var svona aðalkennarinn minn heima. Skemmtilegast við Lúðrasveitina var að spila lög úr t.d. bíómyndum eða svona soldið erfið stykki og þegar þau voru farin að hljóma virkilega vel, þá var rosalega gaman að spila það og svo auðvitað félagsskapurinn og ferðirnar og svona, það var allt mjög skemmtilegt. Við fórum á Lúðrasveitalandsmót á Akranesi og svo Keflavík og svo fórum við til Svíþjóðar líka, ég man ekki eftir því að við höfum farið neitt annað. Það var rosalega gaman það var sérstaklega gaman að fara til Svíþjóðar. Ég spila enn og er í tónlistarnámi í tónlistarskóla FÍH með menntaskólanum.

Hvernig lög spiluðu þið í

Lúðrasveitinni? Við spiluðum allt á milli himins og jarðar. Við spiluðum kvikmyndatónlist eins og „Pirates of the Caribbean“ og „Lord of the Rings“ held ég. Svo spiluðum við „Take 5“ og öll afrísku lögin sem Martin útsetti eins og „Madiba Jive“ svo spiluðum við náttúrulega Sousa marsana og Öxar við ána og öll lögin sem við spiluðum á 17. júní og svona, já allt á milli himins og jarðar eiginlega.


Hvaða áhrif hefur það haft á líf þitt að vera í Lúðrasveit Stykkishólms?

Sko, það er náttúrulega rosalega góð æfing að spila með öðrum og svona mörgum og þá æfist maður í því að stilla rétt, hlusta vel á aðra, horfa á nótur og horfa á sjónanda á sama tíma, það er rosalega mikilvægt að geta horft á stjórnandann. Núna er ég til dæmis í Hamrahlíðarkórnum í Reykjavík og þá hjálpar það mér rosalega mikið að hafa verið í Lúðrasveit af því að þá er ég orðinn vanur því að lesa nótur og horfa á stjórnandann og geta alltaf fylgt slaginu.

Ertu í Lúðrasveit í dag?

Nei, því miður. Ég er í Hamrahlíðarkórnum, samspili í FÍH, salsasveit, Húsbandinu í MH og Ribböldunum.

Jóel Bjarki Sigurðarson,
Salvör Mist Sigurðardóttir og
Dagný Inga Magnúsdóttir.



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

VATNASAFN/LIBRARY OF WATER



agustson

Sendum Lúðrasveit Stykkishólms
kærar afmæliskeðjur og þakkir
fyrir gott starf í Hólminum í 70 ár.

Göteborg Music Festival 2010

Föstudaginn 25. júní 2010 lögðu meðlimir Lúðrasveitar Stykkishólms ásamt nokkrum foreldrum af stað í langþráða ferð á lúðrasveitamót í Gautaborg. Hópurinn taldi 45 manns og var dvalið í viku. Þegar út var komið beið eftir okkur rúta sem kom okkur í skólann. Vel var tekið á móti okkur og fengum við gistingu í íþróttahúsi skólans. Allir voru orðnir svangir eftir ferðalagið og var því farið af stað til að leita að matsölustað til að fá okkur að borða. Það tók svolítinn tíma að finna stað þar sem margir veitingastaðir voru lokaðir út af miðsumarshátíð sem haldin er hátíðleg í Svíþjóð. Rölt var um miðborgina og m.a. farið í stórt Parísarhjól. Útsýnið yfir borgina var alveg stórfenglegt upp í hjólinu.

Mótið sjálft byrjaði ekki fyrr en á mánudeginum 27. júní og var helgin því notuð í að skoða sig um, fara í Liseberg sem er skemmtigarður, kíkja í búðir og einnig var farið í siglingu eftir síki í miðborg Gautaborgar.

Á sunnudeginum komu flestar sveitirnar á svæðið. Athygli okkar vakti að aðeins ein sveit frá Svíþjóð tók þátt í þessu móti. Sextán sveitir komu frá Noregi, ein frá Sviss og við vorum eina sveitin frá Íslandi. Samtals voru því níttján sveitir sem tóku þátt í þessu móti.

Á mánudagsmorgninum byrjaði svo mótið. Víkingasveitin okkar var í svonefndri workshop í Tónleikahöll Gautaborgar alla morgnana sem mótið var. Þar var þeim skipt í hópa eftir hljóðfærum. Aðrir félagar notuðu tímann

í að leika sér og fara í skoðunarferðir.

Var gamli bærinn í Gautaborg meðal annars skoðaður og gamalt virki sem þar stendur.

Eitt af verkefnum sveitarinnar í ferðinni var að spila í opnum bát sem sigldi meðfram konungsgarðinum. Frábært veður var þennan dag og því sat fólk beggja vegna árbakkans. Sveitin fékk mjög góðar viðtökur í þessari ferð. Eftir siglinguna var farið í Konserthöllina og hlustað á sveitina sem Martin spilaði í og systir hans stjórnaði. Sveitin þeirra tók þátt í lúðrasveitakeppninni á mótinu.



Allar sveitir mótsins spiluðu í Liseberg-garðinum. Hver sveit spilaði sér undir stjórn síns stjórnanda. Okkar sveit spilaði einnig með Alstahaug Skolemusikk sem Anette, systir Martins, stjórnaði. Martin stjórnaði þegar sveitirnar spiluðu saman. Hvort tveggja gekk mjög vel. Þriðja daginn á mótinu var spilað í skruðgöngu í Liseberg-garðinum.

Það má segja að það hafi verið stoltir foreldrar sem hlustuðu á börnin sín spila



við öll þessi tækifæri. Þau stóðu sig alveg með sóma og voru með skemmtilega lagasamsetningu.

Eitt kvöldið buðu mótshaldarar upp á diskótek á Hard Rock kaffi. Ekki voru margir sem sóttu það en okkar sveit skemmti sér konunglega þar.

Vísindasafnið í Gautaborg var skoðað og hefðu allir verið til í að eyða meiri tíma þar.

Lokakvöld mótsins var haldið í Tónlistarhúsi Gautaborgar. Þar komu m.a. fram workshop hóparnir og spiluðu það sem þau höfðu verið að æfa á morgnana. Kvöldið var mjög skemmtilegt og stóðu krakkarnir sig mjög vel.

Okkar sveit var síðasta sveitin sem fór af mótsstað. Við eyddum síðasta deginum í að fara á strönd sem heitir Askim badet.

Þar var farið í sjóinn, spilaður fótbolti á sandinum, nokkrir grafnir í sandinn eða bara legið og haft það huggulegt.

Tekin voru með einnota grill og pylsur grillaðar. Flestir eyddu lokakvöldinu í Liseberg-garðinum á meðan aðrir voru í rólegheitum heima.

Föstudaginn 2. júlí var salurinn þrífinn, farið í rútu og flogið heim til Íslands.

Með kveðju frá farastjórum ferðarinnar,

*Elín Guðrún, Guðný,
María Alma og Sigurborg.*

Hannes Gunnarsson

Ég á heima í Stykkishólmi og er ellilífeyrisþegi. Ég byrjaði að læra á klarínnett í september 1950 og spilaði með Lúðrasveit Stykkishólms á gamlársdag sama ár. Víkingur Jóhannsson, stjórnandi lúðrasveitarinnar, kenndi mér. Þá var enginn tónlistarskóli í Stykkishólmi. Ég var í lúðrasveitinni til 1985. Síðan byrjaði ég aftur 2006 til 2009 en hef ekkert spilað síðan. Við spiluðum mest ættjarðarlög og marsa og jafnvel dægurlög og sálmalög við hátíðleg tækifæri. Hérna heima héldum við tónleika og spiluðum úti við öll útihátíðahöld. Við fórum til allra helstu staða á Snæfellsnesi og spiluðum ýmist úti eða inni. Einnig var farið um Vestfirði og Norðurland í sama tilgangi. En skemmtilegastar voru ferðirnar á landsmót lúðrasveitanna, sem haldin voru víða um land. Þetta voru mjög skemmtilegar ferðir, enda félagarnir í Lúðrasveit Stykkishólms ákaflega samhentir og skemmtilegir menn. Það er margt sem maður lærir á því að vera í lúðrasveit, t.d. þarf mikinn áhuga og dugnað, reyna að gera alltaf betur en síðast.

Anna Soffía Lárusdóttir



Lúðrasveit kynslóðanna 2008. Efri röð f.v. Hannes, Lárus sonur Hannesar, Bjarni. Neðri röð f.v. Hrefna Rós og Halldóra dætur Lárusar og svo Símon Karl barnabarn Bjarna.

Bjarni Lárentsínusson

Ég á heima í Stykkishólmi og ég starfaði allan minn starfsaldur sem húsasmiður. Ég byrjaði í lúðrasveitinni 13 ára og hætti fyrir nokkrum árum síðan, það voru allt í allt 62 ár. Víkingur Jóhannsson lúðrasveitastjóri kenndi mér á tenórhorn og svo kom Arne Björhei og kenndi mér líka. Seinna fór ég að spila á saxófón og barítónhorn. Ég spila svolítið á saxófóninn ennþá. Í lúðrasveitinni spiluðum við allt mögulegt en áður fyrr voru það svona mest ættjarðarlög og marsar eftir Sousa.

Við fórum í ferðalög m.a. á landsmót til Reykjavíkur, Selfoss, Akureyrar, vestur á firði og margt fleira. Félagsskapurinn í lúðrasveitinni var langskemmtilegastur og svo var líka gaman að spila mismunandi og falleg lög. Það hefur haft góð áhrif á mig að vera í lúðrasveitinni og félagsskapurinn verið mjög góður.

*Jóel Bjarki Sigurðarson,
Salvör Mist Sigurðardóttir og
Dagný Inga Magnúsdóttir.*

tréblásturs- hljóðfæra- viðgerðir

Það er stutt í næsta skólaár,
verður hljóðfærið þitt í lagi?

Halldór Sighvatsson ilagi@internet.is
s. 824 66 99

í lagi 

Stykkid

pizzagerð

Óskum Lúðrasveit Stykkishólms
til hamingju með 70 ára afmælið

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi

Opið alla virka daga


14:00 – 18:00

Skáldskapur, spenna og fróðleikur.

TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ

HÁRSTOFAN
Stykkishólmi

Dekk og Smur ehf
Nesvegur 5
340 Stykkishólmur
S: 438-1385
Gsm: 895-2324



Er þitt hús vaktað?

**Við vöktum íbúðarhús fyrir
12.000kr. á ári**

Gerum einnig tilboð í fyriræki.

Tökum höndum saman og vöktum allan Stykkishólm

Síminn er 8937050



SKIPAVÍK

Óskum
Lúðrasveit
Stykkishólms
til hamingju með
70 ára afmælið.



cutting through complexity

Bókhaldið í traustar hendur fagfólks

Nánari upplýsingar veitir Gyða
Steinsdóttir í síma 545 6346 og í
tölvupósti, gsteinsdottir@kpmg.is

kpmg.is





Blásið á kertin

Til hamingju með afmælið
Lúðrasveit Stykkishólms

